



Fjármálaeftirlitið  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

Reykjavík 19.7 2017

## Um tilgreinda séreign og túlkunarágreining

### ASÍ og SA ósammála álitni FME

ASÍ og SA eru ósammála þeirri afstöðu Fjármálaeftirlitsins (FME), sem fram kemur í dreifbréfi dags. 7. júlí 2017, að tilgreind séreign sé flytjanleg frá þeim sjóði sem tekur við iðgjaldi til skyldutryggingar. Aðilum kjarasamnings er heimilt að semja um lífeyrisréttindi og iðgjöld umfram lögbundið lágmark, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. ASÍ og SA hafa gert kjarasamning um hækkun skyldutryggingariðgjalds umfram lögbundið lágmark (12%) og jafnframt um afmarkað val sjóðfélaga um ráðstöfun þessa hluta iðgjaldsins til réttindaávinnslu. Val sjóðfélagsins, skv. kjarasamningnum, snýst um hvort hækkað iðgjald auki réttindi í samtryggingu eða verði ráðstafað í tilgreinda séreign í vörslu þess lífeyrissjóðs sem viðkomandi á skylduaðild að skv. kjarasamningi.

Í dreifibréfi FME er því haldið fram að lífeyrissjóðir hafi flutt villandi fréttir og birt villandi upplýsingar um ráðstöfun iðgjalda til svonefndrar tilgreindrar séreignar. Telur FME að því sé ranglega haldið fram að sjóðfélögum beri að ráðstafa iðgjaldi til tilgreindrar séreignar til sama lífeyrissjóðs og tekur við iðgjaldi vegna samtryggingar. Vísar FME til 3. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða máli sínu til stuðnings. Fer FME fram á „að lífeyrissjóðir upplýsi sjóðfélaga sína um rétt sinn til að ráðstafa séreignarhluta iðgjalds vegna lágmarkstryggingaverndar til annars aðila.“ Þá fer FME einnig fram á „að lífeyrissjóðir yfirfari heimasíður sínar og fjarlægji villandi upplýsingar um framangreint og leiðrétti frétttaflutning sinn ef tilefni er til.“

### Lífeyrismál eru viðfangsefni kjarasamninga og á forræði samningsaðila

Lífeyrisréttindi launafólks eru stöðugt viðfangsefni kjarasamninga. Í öllum kjarasamningum stéttarfélaganna og Samtaka atvinnulífsins (SA) er kafli um lífeyrismál þar sem m.a. er vísað til kjarasamnings Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og SA (áður VSÍ) um lífeyrismál, dags. 12.12. 1995, en efni hans var að stórum hluta lögfest með lögum 129/1997. Þó var ekki allt efni kjarasamningsins lögfest, t.d. ákvæði um stjórnskipan sjóðanna, og heldur hann því gildi sínu gagnvart þeim þáttum. Þær breytingar á lífeyrismálum sem um hefur samist í kjarasamningum frá þeim tíma hafa flestar verið lögfestar með ákveðnum undantekningum, t.d. varðandi 2% mótframlag launagreiðenda gegn 2-4% séreignarsparnaði launamanna.



Um langt árabil hefur verkalýðshreyfingin á almenna vinnumarkaðnum haft uppi kröfur um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Veigamikil rök hafa einnig verið fyrir breytingum í sem fela í sér aukinn sveigjanleika, bæði hvað varðar lífeyristökualdur og lífeyrisgreiðslur á því tímabili sem lífeyrisþeginn nýtur lífeyrisgreiðslna. Með kjarasamningi SA og ASÍ árið 2011 fylgdi yfirlýsing þar sem sett var fram áætlun fyrir tímabilið 2014-2017 um samræmingu iðgjalds á öllum vinnumarkaðnum, að gefinni þeirri forsendu að almenn sátt næðist um framtíðarskipulag lífeyrisréttinda allra landsmanna. Sú sátt náðist ekki fyrir tilskilinn tíma og frestuðust því þessi áform um sinn. Síðla árs 2015 hylti undir lausn þeirra mála sem staðið höfðu í vegi samnings um hækkun iðgjalds til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og skapaðist tækifæri til þess við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2016.

### **Kjarasamningurinn 15.1. 2016 – aukinn sveigjanleiki skyldutryggingar**

Með kjarasamningi SA og ASÍ, dags. 15.1. 2016 var framlag launagreiðenda hækkað úr 8,0% í 11,5% í þremur áföngum og var það veigamikill áfangi í jöfnun lífeyriskjara á almennum og opinberum vinnumarkaði. Þegar af þessari ástæðu telja aðilar afar mikilvægt að allt skylduiðgjaldið verði varðveitt hjá viðkomandi skyldutryggingarsjóði. Í 3. gr. samningsins er ákvæði um möguleika launamanns til þess að verja auknu framlagi til nýs séreignarsparnaðarforms í stað samtryggingar sem felur m.a. í sér ævilangan lífeyri auk annarra trygginga. Í greininni segir m.a.:

*„Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn (aths.: nú nefnt tilgreindum) séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði.“*

Aukið framlag launagreiðenda, 3,5%, er umfram lágmarkstryggingavernd skv. lögum nr. 129/1997 og er hluti af skyldutryggingariðgjaldi skv. kjarasamningi. Hér er því ekki um að ræða viðbótartryggingavernd sem lögin fjalla um og byggir á valkvæðu iðgjaldi launamanns og kjarasamningsbundnu móttframlagi launagreiðanda. Í framangreindri tilvitnun í kjarasamninginn kemur skýrt fram að kjósi sjóðfélagi að verja hinu auknu framlagi launagreiðanda til lífeyrissparnaðar í formi tilgreindar séreignar í stað samtryggingar skuli sá sparnaður lúta öðrum reglum en gilda um viðbótarlífeyrissparnað skv. lögum nr. 129/1997, enda er þetta sparnaðarform skyldubundið skv. kjarasamningi.

### **Samkomulag ASÍ og SA 15. júní 2016 – Tilgreind séreign er bundinn við skyldutryggingarsjóð**

Heildarendurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál var ekki lokið í maí 2016 eins og áformað var í kjarasamningnum 15.1. 2016 og var þess í stað gert samkomulag um nánari útfærslur varðandi hækkun iðgjaldsins. Í samkomulaginu, sem í eðli sínu er kjarasamningur, segir: „Ljóst er að núverandi löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða hefur ekki að geyma ákvæði sem heimilar sjóðsfélögum að ráðstafa hluta af skylduiðgjaldi í bundna (aths.: nú tilgreinda) séreign“. Það er jafn ljóst að það er ekkert í lögnum sem bannar samningsaðilum að gera kjarasamning um hækkun framlaga til lífeyrissjóða umfram það sem ákvæði laganna um lágmarkstryggingavernd kveða á um og ráðstöfun þeirra, enda skal iðgjald m.a. ákveðið í kjarasamningi og vera a.m.k. 12% skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997. Hefur þetta verið gert í opinbera lífeyrskerfinu um árabil með hærra iðgjaldi og meiri réttindum í samtryggingadeild en lágmarksákvæði laganna kveða á um.



Í samkomulaginu segir ennfremur: „*Samningsaðilar eru sammála [um] að atvinnurekendur skuli undir öllum kringumstæðum skila bæði sínu framlagi og framlagi launamanns til skyldutryggingarlífeyrissjóðs viðkomandi launamanns á grundvelli gildandi kjarasamninga ASÍ og SA frá 1969 og 1995, með síðari breytingum. Réttur launamanns til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkuninni í bundna (aths.: nú tilgreinda) séreign er gagnvart viðkomandi lífeyrissjóði og er atvinnurekanda óviðkomandi.“*

Í lok samkomulagsins segir: „*Sá fyrirvari er settur við gildistöku þessa valréttar að samkomulag hafi náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem lífeyrissjóðunum verði gert kleift að stofna deildir sem taki við og varðveiti bundinn (aths.: nú tilgreindan) séreignarsparnað. Náist slíkt samkomulag ekki og nauðsynleg lagabreyting í framhaldi þess munu iðgjöldin renna til samtryggingar.“*

### **Breytingar á samþykktum lífeyrissjóðanna**

Á fyrri hluta þessa árs unnu ASÍ og SA að gerð stjórnarfrumvarps um breytingar á lögum nr. 129/1997 í nánú samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Frumvarpið, sem er efnislega samhljóða sameiginlegum tillögum ASÍ og SA sem lagðar voru fyrir ráðuneytið þann 25. janúar 2017, var fullbúið fyrir síðustu þinglok en komst ekki á þingmálaskrá Alþingis vegna tímaskorts. Með samkomulagi ASÍ, SA og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um efnisatriði stjórnarfrumvarps, þar sem inn í lögin komi skýr ákvæði um tilgreinda séreign, töldu aðilar að skilyrði samkomulagsins frá 15. júní 2016 um að samkomulag hefði náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 væri uppfyllt. Þar af leiðandi væri lífeyrissjóðunum unnt að taka á móti iðgjöldum í tilgreinda séreign að því gefnu að þeir breyttu samþykktum sínum í þá veru fyrir 1. júlí 2017.

Þann 17. maí 2017 sendu ASÍ og SA lífeyrissjóðum á samningssviði sínu bréf þar sem þau fóru þess á leit að sjóðirnir breyttu samþykktum sínum þannig að þeir gætu tekið á móti iðgjöldum í tilgreinda séreign frá og með júlímánuði 2017. Í bréfinu var tekið fram að í breytingum á samþykktum lífeyrissjóðanna þyrftu eftirfarandi atriði að koma skýrt fram:

1. *Sjóðfélögum verði heimilað að ráðstafa allt að 2% af umsömdu lágmarksiðgjaldi frá og með 1. júlí 2017 og 3,5% af lágmarksiðgjaldi frá og með 1. júlí 2018 til tilgreindrar séreignar, sbr. 2. lið, sem telst hluti lágmarkstryggingaverndar skv. kjarasamningi ASÍ og SA.*
2. *Lífeyrissjóður veiti tilgreind séreignarréttindi vegna þess hluta lágmarksiðgjalds sem sjóðfélagi hefur ákveðið að ráðstafa í tilgreinda séreign sbr. 1. lið. Tilgreind séreign veiti réttindi til viðbótar við þá lágmarkstryggingarvernd sem viðkomandi launamaður hefur valið skv. 1. lið og mynda þau saman lágmarkstryggingavernd skv. kjarasamningi. Iðgjöldin skuli varðveitt og ávöxtuð í samræmi við þær reglur sem gilda um lágmarkstryggingarverndina.*
3. *Sjóðsfélagar geti hafið útgreiðslu tilgreindrar séreignar allt að fimm árum fyrir almennan lífeyristökualdur þegar taka ævilangs ellilífeyris hefst og skuli greiðslur að lágmarki dreifast til þess tíma.*

Framangreind tilmæli byggja á kjarasamningi ASÍ og SA frá 25.1.2016, samkomulagi SA og ASÍ 15.6.2016 og þeim drögum að stjórnarfrumvarpi um breytingar á lögum nr. 129/1997 sem samkomulag hafði náðst um við stjórnvöld og byggðu efnislega á sameiginlegri tillögu aðilanna um breytingar á lögnum, dags. 25.1.2017.



Þeir sjö lífeyrissjóðir sem starfa á samningssviði ASÍ og SA, þ.e. Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi - lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Stapi lífeyrissjóður, gerðu allir breytingar á samþykktum sínum á aukaársfundum í síðari hluta júnímánaðar 2017 í samræmi við framangreind tilmæli ASÍ og SA.

#### **FME endurskoði tilmæli sín til lífeyrissjóðanna**

Á grundvelli þess sem að framan greinir telja ASÍ og SA að samtökin hafi fulla heimild á grundvelli laga nr. 129/1997 til að gera kjarasamning um tilgreinda séreign sem lúti öðrum reglum en ákvæðum laganna um séreign varðandi vörsluaðila, ávöxtun og útgreiðslu. Í ljósi framanritaðs beina samtökin því til FME að skýra frekar og endurskoða tilmælin til lífeyrissjóðanna.

Samtökin gera sér þó grein fyrir að á grundvelli óbreyttra laga er uppi túlkunarágreiningur um það hvort samningsaðilum sé heimilt að binda framlög í tilgreinda séreign við skyldutryggingarlífeyrissjóð. Þeirri óvissu sem túlkunarágreiningurinn veldur verður væntanlega eytt um næstu áramót gangi fyrirbyggjandi áform eftir um breytingu á lögum nr. 129/1997. Fram að þeim tíma er þó ljóst að kjarasamningar ASÍ og SA heimila ekki öðrum vörsluaðilum en skyldutryggingarsjóðum á samningssviði samningsaðila að taka á móti iðgjöldum í tilgreinda séreign nema slíkir vörsluaðilar bjóði upp á tilgreinda séreignarleið með sömu ákvæðum og gilda hjá lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri

F.h. Alþýðusambands Íslands

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Afrit sent til lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA:

Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi - lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Stapi lífeyrissjóður